

Reglur Tónlistarmiðstöðvar

um hagsmunatengsl og hollustuhætti starfsfólks

Inngangur

Tónlistarmiðstöð er sjálfseignarstofnun sem er rekin að mestu fyrir opinbert fjármagn. Þótt starfsfólk Tónlistarmiðstöðvar sé ekki starfsfólk hins opinbera þarf það engu að síður að vera gagnsætt, ábyrgt og traust í störfum sínum. Óhjákvæmilegt er að sumt starfsfólk Tónlistarmiðstöðvar sé virkt í íslensku tónlistarlífi utan vinnu og því þurfa að vera skýrar reglur um það hvernig hagsmunatengsl og mögulegir hagsmunaárekstrar eru metnir og meðhöndlaðir. Þessar reglur byggja á **siðareglum Stjórnarráðs Íslands** og öðrum siðareglum fyrir opinbera starfsmenn en taka mið af sérstöðu starfsfólks Tónlistarmiðstöðvar. Markmið þessara reglna er að efla fagleg vinnubrögð og stuðla að trausti í garð Tónlistarmiðstöðvar, jákvæðu orðspori og hlutleysi.

Umsýsla Tónlistarsjóðs

Tónlistarmiðstöð umsýslar Tónlistarsjóð fyrir hönd Menningar- og viðskiptaráðuneytis. Ábyrgð sjóðsins liggur hjá ráðherra og sjóðurinn er fjármagnaður af fjárlögum ríkisins. Fjármagn sjóðsins liggur hjá ráðuneyti sem sér um að greiða út styrki. Sérstakar úthlutunarnefndir, skipaðar af ráðherra, vinna tillögur að úthlutun sem samþykktar eru af ráðherra. Starfsmaður Tónlistarmiðstöðvar hefur umsjón með starfi úthlutunarnefnda, boðar og situr fundi og tryggir framgang mála við úthlutun. Sá starfsmaður hverju sinni á að gæta hlutleysis og fjallar ekki efnislega um umsóknir eða tekur þátt í vali. Ef sá starfsmaður er tengdur umsækjanda nánnum böndum skal hann ekki vera starfsmaður þeirrar nefndar sem sú umsókn fellur undir og skal þá framkvæmdastjóri tilnefna annan starfsmann í hans stað.

Starfsfólk Tónlistarmiðstöðvar skal virða hlutleysi starfsmanns Tónlistarmiðstöðvar sem situr fundi úthlutunarnefnda og sýna því skilning að niðurstaða úthlutunar endurspegli ekki skoðun hans.

Siðferði og almennir hollustuhættir

Starfsfólk Tónlistarmiðstöðvar skal:

- ekki sinna aukastörfum, trúnaðar- eða félagsstörfum sem ósamrýmanleg eru starfi þess hjá Tónlistarmiðstöð
- forðast árekstra milli almannahagsmuna annars vegar og fjárhagslegra eða persónulegra hagsmuna sinna eða fjölskyldu sinnar hins vegar. Takist ekki að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra af þessu tagi skal upplýsa um þá
- ekki notfæra sér stöðu sína eða upplýsingar fengnar í starfi í þágu eigin hagsmuna eða hagsmuna tengdra aðila
- ekki nota sitt netfang hjá Tónlistarmiðstöð / Iceland Music í persónulegum tilgangi

- ekki þiggja gjafir persónulega vegna starfs síns. Ekki má heldur þiggja gjafir eða skemmtanir f.h. Tónlistarmiðstöðvar sem ætlaðar eru til að breyta hegðun starfsmanns í starfi sínu eða hafa áhrif á viðskiptalegar ákvarðanir Tónlistarmiðstöðvar. Gjafir eða skemmtanir verða að vera hóflegar, sanngjarnar og fátíðar. Engar gjafir eða skemmtanir skulu gefnar eða þegnar í leynd. Við mat á því hvort gjöf teljist hófleg, skal bæði horft til einstaks viðburðar svo og í heild yfir lengra tímabil. Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa í huga, að það, að þiggja eða afhenda gjöfina, valdi hvorki Tónlistarmiðstöð né viðkomandi einstaklingi hneisu, jafnt út á við sem og gagnvart öðru starfsfólki eða stjórnarfólki, ef gjöfin yrði gerð opinber. Boð er varða fagverðlaun, viðburði og hljótleika/hátíðir eru ásættanleg. Ef starfsfólk þarf að taka ákvörðun um að gefa eða þiggja gjöf/skemmtun, sem hugsanlega er íburðarmeiri en eðlilegt getur talist og/eða gjöfin er einstök eða óvenjuleg og viðkomandi í vafa um hvort gjöfin/skemmtunin falli að öðru leyti innan eða utan reglna þessara, þá skal hlutaðeigandi tilkynna það til framkvæmdastjóra, sem tekur þá endanlega ákvörðun um málið
- ekki sitja í valnefndum og dómnefndum tónlistarverðlauna eða sams konar verkefna
- ekki þiggja laun fyrir erindi eða vinnuframlag sem það innir af hendi vegna stöðu sinnar hjá Tónlistarmiðstöð. Ef þóknun er í boði fyrir vinnuframlag skal hún renna óskert til Tónlistarmiðstöðvar

Hagsmunatengsl og hagsmunaárekstrar

Hagsmunaárekstrar geta komið fram ef starfsmaður Tónlistarmiðstöðvar, eða einhver honum nákominn, á persónulegan eða fjárhagslegan ávinning af tónlistarverkefni sem tengist starfsemi miðstöðvarinnar eða Tónlistarsjóði. Eins geta hagsmunaárekstrar komið fram ef starfsmaður er tengdur öðru launuðu starfi eða starfsemi sem gæti talist ósamrýmanleg starfsskyldum hans hjá Tónlistarmiðstöð. Starfsfólk skal fylla út skjal um hagsmunatengsl og tilkynna framkvæmdastjóra um breytingar, t.d. ef ný tengsl verða til, en framkvæmdastjóri tilkynnir slíkt hið sama til stjórnar.

Viðbrögð við hagsmunaárekstrum

Ef starfsmaður er tengdur verkefni sem tengist Tónlistarsjóði eða starfsemi Tónlistarmiðstöðvar skal hann upplýsa framkvæmdastjóra um það tafarlaust og láta aðra taka ákvarðanir er varða það verkefni og ekki koma að fundum með starfsfólki og skjólstæðingum miðstöðvarinnar sem tengjast verkefninu með beinum eða óbeinum hætti. Það er á ábyrgð framkvæmdastjóra að skera úr um hvort um hagsmunaárekstur er að ræða en ef starfsmaður er ósammála ákvörðun framkvæmdastjóra getur hann skotið henni til stjórnar Tónlistarmiðstöðvar. Ef framkvæmdastjóri Tónlistarmiðstöðvar er tengdur verkefni sem tengist Tónlistarsjóði eða starfsemi Tónlistarmiðstöðvar skal hann tilkynna það til stjórnar tafarlaust og, á sama hátt og annað starfsfólk, láta aðra taka ákvarðanir er varða það verkefni og ekki koma að fundum með starfsfólki og skjólstæðingum miðstöðvarinnar sem tengjast verkefninu með beinum eða óbeinum hætti.

Innleiðing

Reglur þessar skulu kynntar öllu starfsfólki Tónlistarmiðstöðvar sem skrifar undir að hafa kynnt sér reglurnar vandlega. Við ráðningu nýs starfsfólks skulu reglurnar kynntar sérstaklega sem hluti af ráðningarferlinu.

Eftirfylgni og endurskoðun

Þessar reglur skulu endurskoðaðar reglulega til að tryggja að þær séu í samræmi við almenna hollustuhætti og siðareglur Stjórnarráðs Íslands.

Samþykkt af stjórn Tónlistarmiðstöðvar á stjórnarfund 10. desember 2024